

Fundargerð 182. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. haldinn
17. ágúst 2022, kl. 12.00, á Teams.

Mætt: Steinunn Sigvaldadóttir, stjórnarformaður,
Ísak Ernir Kristinsson stjórnarmaður,
Kjartan Már Kjartansson, stjórnarmaður,
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Elín Árnadóttir, stjórnarmaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri,
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Til samþykktar.

1. Viðaukasamningur Alta

Framkvæmdastjóri lagði fram viðaukasamning við rammasamning Kadeco við Alta vegna verkefnastjórnunar þróunaráætlunar.

Stjórn samþykki viðaukasamninginn.

Til upplýsinga.

2. Mánaðarlegar rekstrarupplýsingar

Framkvæmdastjóri lagði fram mánaðarlegar rekstrarupplýsingar sem liggja inni á stjórnargátt félagsins. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

3. Næstu skref í mótun þróunaráætlunar

Framkvæmdastjóri fór yfir næstu skref í mótun þróunaráætlunar fram til loka árs. Stjórn þakkaði yfirferðina.

4. Sprengjueyðingasvæði Landhelgisgæslunnar

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um hugmynd af nýju sprengjueyðingasvæði Landhelgisgæslunnar. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

5. Bygging við Þjóðbraut / Grénásveg

Framkvæmdastjóri fór yfir mál byggingar er stendur við Þjóðbraut/Grénásbraut. Verið er að skoða eignarhald hennar og hvort rífa skuli bygginguna út frá framtíðarskipulagi svæðisins.

Stjórn samþykkti að rífa ætti bygginguna sé hún á forræði Kadeco.

6. Iðunn H2

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn áhuga Iðunnar H2 á uppbyggingu í Helguvík. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

Önnur mál.

a. Nýtt starfsfólk

Framkvæmdastjóri sagði frá ráðningu tveggja nýrra starfsmanna sem munu hefja störf í september. Einnig sagði hann frá útistandandi atvinnuauglýsingu um starf skrifstofustjóra í 50% starf. Stjórnarformaður lagði til að setja á dagskrá sem reglubundin dagskrárlið stjórnar að skoða framtíðarhlutverk Kadeco og framtíðarþarfagreiningu starfsfólks félagsins til að undirbúa næstu skref þróunaráætlunar.

Stjórn þakkaði upplýsingar framkvæmdastjóra og tók undir með stjórnarformanni um reglulegan dagskrárlið stjórnar um þarfagreiningu félagsins til næstu framtíðar.

b. Klæðning á Skógarbraut 946

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um stöðu vinnu við klæðningu Skógarbrautar 946. Allt gengur vel og er á áætlun. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

c. Lóðarleiga á Ásbrú

Stjórn ræddi um innheimtu lóðarleigu landareigna ríkisins á Ásbrú sem Kadeco fer með fyrir hönd ríkisins og um framtíð hennar. Stjórn taldi rétt að skoða það hvort innheimta lóðarleigu á Ásbrú geti færst yfir til Reykjanesbæjar svo innheimta sé á einni hendi. Stjórn fól framkvæmdastjóra að skoða málið nánar.

Næsti fundur er áætlaður þann 31. Ágúst nk. kl. 12.00 á skrifstofu Kadeco.

Engin önnur mál voru til umræðu á fundinum

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.25